

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. E.	eru veittar	.....	kr.	1 655 868.29
— — — — - 13. — F.	— —	.....	—	1 854 550.10
— — — — - 14. — A.	— —	.....	—	48 251 865.85
— — — — - 14. — B.	— —	.....	—	4 248 748.24
— — — — - 15. —	— —	.....	—	3 092 093.43
— — — — - 16. — A.	— —	.....	—	10 990 622.73
— — — — - 16. — B.	— —	.....	—	18 896 314.45
— — — — - 16. — C.	— —	.....	—	2 069 997.30
— — — — - 16. — D.	— —	.....	—	4 628 010.66
— — — — - 16. — E.	— —	.....	—	1 521 329.71
— — — — - 17. —	— —	.....	—	22 078 369.27
— — — — - 18. —	— —	.....	—	7 670 095.52
— — — — - 19. — 1.	— —	.....	—	54 066.633.83
— — — — - 19. — 2.	— —	.....	—	34 044 886.34
— — — — - 19. — 3.	— —	.....	—	89 330 653.09
— — — — - 19. — 8.	— —	.....	—	1 406 505.81

---

 Kr. 587 599 561.42

 Til eignaaukningar skv. 20. gr. Út eru veittar ..... — 338 519 410.63  
 Inn fóru kr. 375 488 911.31 fram úr fjárlagaáætlun.

---

 Samtals kr. 926 118 972.05
 

---

*Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1968.*

Ásgeir Ásgeirsson.  
(L. S.)

---

*Magnús Jónsson.*

## L Ö G

### um Fiskimálaráð.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

##### 1. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar Fiskimálaráð samkvæmt því, sem segir í 7. gr. laga þessara.

##### 2. gr.

Fiskimálaráð skal vera ráðgefandi um mótun heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegsins og markaðsmálum, og skal það beita sér fyrir góðri samvinnu allra aðila, sem hlut eiga að máli, með gagnasöfnun, umræðufundum, skýrslugerð, útgáfu- og fræðslustarfsemi og öðrum ráðum, sem líklegust eru talin til þess hverju sinni, að tilganginum með stofnun ráðsins verði náð.

## 3. gr.

Ályktanir sínar um uppbyggingu fiskiskipastólsins skal fiskimálaráð við það miða, að jafnan sé sem mest fjölbreytni í útgerðinni og eðlilegt jafnvægi milli einstakra greina hennar. Miða skal tillögur ráðsins við það, að hráefnisöflun til fiskiðnaðarins sé tryggð eftir föngum með tilliti til arðsemi fiskistofna á hverjum tíma.

## 4. gr.

Ályktanir sínar um uppbyggingu fiskvinnslu- og fiskiðnaðarfyrirtækja skal ráðið semja þannig, að tillit sé tekið til æskilegrar dreifingar fyrirtækjanna og við það miðað, að afkastageta þeirra sé hæfileg með hliðsjón af mögulegri öflun hráefnis.

Enn fremur skal miða að því, að sem mest fjölbreytni verði í vinnslu sjávaraflla.

## 5. gr.

Fiskimálaráð skal hafa forgöngu um markaðsrannsóknir og skipulegar aðgerðir til öflunar nýrra markaða fyrir sjávarafurðir, svo og um framleiðslu nýrra vörutegunda.

## 6. gr.

Fiskimálaráð skal árlega gefa ríkisstjórn og Alþingi skýrslu um störf sín.

## 7. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra á sæti í Fiskimálaráði og er jafnframt formaður þess. Eftirtaldir aðilar skulu eiga rétt til að tilnefna einn fulltrúa hver og annan til vara í Fiskimálaráði, til 3 ára í senn:

Landssamband ísl. útvegsmanna.  
Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda.  
Sjómannasamband Íslands.  
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.  
Alþýðusamband Íslands.  
Félag fiskiðnfræðinga.  
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.  
Sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga.  
Sölusamband ísl. fiskframleiðenda.  
Síldarútvegshnefnd.  
Félag ísl. fiskmjólsframleiðenda.  
Félag ísl. niðursuðuverksmiðja.  
Samlag skreiðarframleiðenda.  
Seðlabanki Íslands.  
Fiskveiðasjóður Íslands.  
Fiskimálasjóður.  
Efnahagsstofnunin.  
Fiskifélag Íslands.

Noti einhver ofangreindra aðila sér ekki rétt sinn til tilnefningar, skal ráðherra heimilt að skipa í hið auða sæti.

Fiskimálaráð skal koma saman til fundar, þegar formaður ákveður, en þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Störf í Fiskimálaráði eru ólaunuð.

## 8. gr.

Fiskimálaráð kys þriggja manna framkvæmdanefnd, sem undirbýr fundi ráðsins og annast þau störf, sem Fiskimálaráð felur henni.

## 9. gr.

Kostnaður af störfum Fiskimálaráðs, þar með talin þóknun til framkvæmda-  
nefndar, sem ráðherra ákveður, greiðist úr Fiskimálasjóði.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Fiskimálaráðs.

## 10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1968.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Eggert G. Þorsteinsson.*

**L Ö G**

**um breyting á jarðræktarlögum, nr. 22 24. apríl 1965.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

## 1. gr.

II. liður í 10. gr. laganna orðist svo:

Framræsla vegna tún-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgröftur):

- a. Skurðir vélgrafnir, 70% kostnaðar við gröft skurðanna. Ákvæðisvinna skal viðhöfð við skurðgröft þar, sem því verður við komið. Ríkisframlag skal miða við ákvæðisvinnutaxta hvers ræktunarsvæðis sé hann fyrir hendi. Annars úrskurðar Búnaðarfélag Íslands reikninga.

Héraðsráðunautar skulu leita eftir óskum bænda um framræsluframkvæmdir og fyrir 1. maí, í fyrsta sinn 1968, senda stjórn Búnaðarfélags Íslands sundurliðaðar pantanir og áætlanir, hver fyrir sitt starfssvæði, um þá framræslu, sem þeir telja æskilega á hverri jörð næstu fimm árin. Búnaðarfélag Íslands gerir síðan heildaráætlun til næstu fimm ára um, hversu mikið skuli grafa á hverju ræktunarsvæði. Þá skulu héraðsráðunautar árlega, fyrir 1. maí, senda Búnaðarfélagi Íslands endurskoðaðar áætlanir fyrir næsta ár. Búnaðarfélag Íslands lætur síðan framkvæma nauðsynlegar mælingar og annan undirbúning, sem þarf til að bjóða verkið út. Jarðræktarráðunautar þess hafa umsjón með þessum áætlunum og skera úr um vafaatriði.

Þegar endurskoðaðar áætlanir hvers árs liggja fyrir, samþykktar af stjórn Búnaðarfélags Íslands, skulu framræsluframkvæmdir á hverju ræktunarsvæði boðnar út. Skulu útboð fara fram fyrir 15. marz hvert ár. Búnaðarfélag Íslands gerir útboðin fyrir hönd þeirra samtaka, sem sjá um skurðgröft fyrir bændur á hverju ræktunarsvæði, sbr. 20. gr. 2. málsgr., og ákveður ásamt fulltrúa viðkomandi ræktunarsvæðis, hvaða tilboðum skuli tekið og hvaða tryggingar verktakar skuli setja.

Ræktunarsambönd og Vélasjóður geta jafnt og aðrir aðilar boðið í skurðgröft, hvar sem er á landinu. Ræktunarsambönd hafa rétt til að ganga inn í lágsta tilboð, hvert á sínu ræktunarsvæði.